

Góðan daginn, og takk fyrir að bjóða mér að tala hér í dag. Ég stend hér sem einstaklingur, sem múslimi, sem bæði lifir og vinnur í íslensku samfélagi, talar íslensku sem fjórða tungumál, kennir ungu fólki og er líka foreldri. Allt þetta mótar hvernig ég les orðræðuna, hvernig ég skil tungumálið og hvernig ég finn það á eigin skinni þegar orð eru valin — eða ekki valin. Við segjum oft að orð undirstriki veruleikann, en stundum gerist hið gagnstæða: orð móta veruleikann. Þau móta samfélagið, þau skilgreina hverjir tilheyra og hverjir eru settir til hliðar, og þau ákveða hvaða hópar fá rödd og hvaða hópar verða bara umræðuefni í fréttum annarra. Þetta er ástæðan fyrir því að ég valdi titilinn Milli línanna. Þó að orð séu birt í fyrirsögnum eða borin fram í útvarpi, þá er merkingin sem þau gefa oft finnanleg í því sem er ósagt, í blæbrigðunum, í rammasetningunni, áherslunum og þögnunum.

Í litlu samfélagi eins og Íslandi gegna fjölmiðlar ótrúlega stóru hlutverki í að skilgreina samtalið, ekki bara hvað við tölum um heldur líka hvernig við tölum um það. Það er munur á því að segja: „Hópur fólks flutti til Íslands“ og að segja „of margir innflytjendur streyma til landsins.“ Hvor setningin gæti tæknilega verið rétt, en merkingin og tilfinningin sem fylgir er gjörólík, og þessi munur skiptir máli. Orð geta ýtt undir ótta, þau geta skapað fjarlægð og þau geta sett fólk í kassa sem það kemst varla út úr. Þessi áhrif verða enn skýrari þegar ráðherra orðar það þannig að „allar gáttir inn í landið geti ekki verið opnar,“ því þá erum við ekki lengur að tala um hlutlausu stjórnsýslu heldur orðræðu sem mótar tilfinningu um að einhverjir séu óvelkomnir. Þetta er mannréttindamál vegna þess að það hefur áhrif á virðingu, tækifæri, aðgengi, öryggi og það að tilheyra. Ein helsta áskorunin í íslenskum fjölmiðlum er að þeir hópar sem oftast verða umræðuefni eru sjaldan hluti af umræðunni sjálfri. Umræður um „innflytjendur,“ „flóttafólk“ eða „konur af erlendum uppruna“ fara fram án þess að raddir þeirra sem málið varðar heyrir. Þetta er ekki bara skekkja í fjölmiðlaumfjöllun, heldur orðræðuvandi sem mótar hugrænt kort af því hver við erum og hver „hinir“ eru. Í því korti er orðræðan bæði spegill og skurðarverkfæri.

Í starfi mínu sem kennari sé ég þetta á hverjum degi. Ungt fólk eru ótrúlega næmt fyrir orðum, og margir nemendur mínir, sérstaklega þeir sem koma úr minnihlutahópum, lesa um heiminn sem þeir tilheyra — og þau lesa líka milli línanna. Þau spyrja: Af hverju er þjóðerni nefnt þegar gerandinn er útlendingur, en aldrei þegar hann er Íslendingur? Af hverju er talað um okkur sem vandamál eða áskorun, en ekki sem hluta af framtíð samfélagsins? Þetta eru ekki smáatriði; þetta eru skilaboð sem festa rót í sjálfsmynd fólks.

Við lifum líka á tímum þar sem stór hluti opinberrar umræðu fer fram á netinu, á stöðum sem eru ekki ritstýrðir og þar sem orð geta orðið að vopnum. Þar sjáum við hatursorðræðu sem beinist að konum, sérstaklega lituðum konum. Við sjáum ungt fólk mótast af eitruðu blandi af útlitsprýstingi, neysluhyggju og óraunhæfum stöðlum. Við sjáum unga menn dragast inn í skaðlegan netmenningarheim sem staðlar kvenfyrirlitningu og hvetur til ofbeldis. Þetta er mannréttindavandamál vegna þess að það hefur áhrif á líf, öryggi og framtíð heilla kynslóða. Það sem sumir upplifa sem „bara orð“ er fyrir aðra kerfi til að lifa af. Það sem sumir þurfa aldrei að hugsa um er fyrir aðra stöðugt álag: að túlka ásetning, meta öryggi, forðast misskilning og greina hvort orð sé hlutlaust eða hlaðið. Þetta er ósýnileg vinna, en hún er mjög raunveruleg.

Ef við viljum samfélag þar sem allir tilheyra þurfum við að byrja á orðunum sem við notum og veljum. Við þurfum fjölmiðla sem móta mynd af fólki sem manneskjum, ekki tölum, straumum eða flokkum; fjölmiðla sem leita röddum þeirra sem málið varðar í stað þess að tala um þau í fjarveru þeirra; fjölmiðla sem velja orð sem byggja brýr frekar en veggi. Við þurfum menntakerfi sem kennir ungu fólki að lesa gagnrýnið, þekkja hlutdrægni og skilja áhrif orðræðunnar, og sem eflir samkennd og ábyrgð í umræðu, ekki bara réttitun og málfræði. Og við þurfum samfélag sem viðurkennir að orð eru aldrei fullkomlega hlutlaus og að hver og einn ber ábyrgð.

Við byggjum samfélagið okkar úr orðum, frásögnum og merkingu. Ef við veljum orð sem útiloka, þá byggjum við samfélag sem útilokar. Ef við veljum

orð sem heiðra mannúð og virðingu, þá byggjum við samfélag sem endurspeglar þau gildi. Orð eru litlu steinarnir í undirstöðu sameiginlegrar framtíðar okkar allra. Einfaldasta svarið við spurningunni „Hvernig samfélag viljum við?“ er að byrja á okkur sjálfum: að greina eigin orð, eigin hlutdrægni og fordóma, og að kalla eftir ábyrgð hjá fólkinu í kringum okkur þegar það notar óásættanlegt orðaval.

Takk fyrir.